

Fundur í stjórn Minjasafns Austurlands, haldinn í Safnahúsinu, Laufskógum 1, miðvikudaginn 6. febrúar kl. 16:00.

Mætt: Ásdís Helga Bjarnadóttir formaður, Kristjana Björnsdóttir varaformaður, Guðrún Ragna Einarsdóttir, Jónína Brynjólfssdóttir varamaður Steinars Inga Þorsteinssonar, Gunnar Jónsson varamaður Þórdísar Sveinsdóttur og Elsa Guðný Björgvinsdóttir safnstjóri.

1. Drög að ársreikningi

Elsa Guðný lagði fram drög að ársreikningi frá KPMG til kynningar. Drögum verður skilað til Fjóttsdalshéraðs fyrir 15. febrúar að þeirra ósk. Endurskoðaður ársreikningur verður lagður fyrir stjórn til samþykktar á aðalfundi.

2. Galtastaðir fram

Vísað er til [fundargerðar frá 1. nóvember 2018](#). Ekki hefur ennþá orðið af fyrirhugaðri heimsókn fulltrúa Þjóðminjasafnsins austur til að ræða málefni Galtastaða. Elsa greindi frá upplýsingum frá Guðmundi Lúther Hafsteinssyni, sviðsstjóra húsasafns Þjóðminjasafnsins, um stöðuna á framkvæmdum á Galtastöðum og hvað sé framundan.

Rætt um kosti þess að halda einhvers konar Galtastaðadag næsta sumar í samstarfi við Þjóðminjasafnið, þar sem framkvæmdir og framtíðarsýn verið kynnt fyrir heimamönnum. Safnstjóra falið að vinna málið áfram og leita eftir samstarfi við félagasamtök í Hróarstungu ef af verður.

3. Skýrsla safnstjóra

- Fullveldishátíðin

Fullveldishátíð sem jafnframt var lokahátíð verkefnisins *Austfirskt fullveldi – sjálfbært fullveldi?* fór fram í Menntaskólanum á Egilsstöðum 1. desember 2018. Dagskráin var afar fjölbreytt, m.a. komu þar saman allir fjórir hlutar samnefndrar sýningar sem settir höfðu verið upp á fjórum söfnum í fjórðungnum, m.a. í Minjasafninu.

- Fjölskyldusamvera á aðventu

Minjasafnið og Bókasafnið stóðu í sameiningu fyrir fjölskyldusamveru í byrjun aðventu (5. desember). Ekki var um eiginlega dagskrá að ræða heldur var boðið upp á margvíslega afþreyingu á báðum söfnum sem fjölskyldu gátu notið í sameiningu. Vel heppnað og vel sótt.

- Bókavaka

Söfnin í Safnahúsinu stóðu í sameiningu fyrir bókavöku þar sem austfirsk útgáfa var kynnt og höfundar lásu upp úr verkum sínum. Vakan fór fram 3. desember.

- Jóladaatal Minjasafnsins

Minjasafnið taldi niður til jóla með sérstöku jóladaatali á vef- og Facebooksíðu safnsins. Frá 1. – 24. desember var daglega kynntur einn hlutur úr safnkosti safnsins

sem allir tengdust á einhvern hátt jólahaldi. Dagatalið vakti töluverða athygli, ekki bara á safnkosti safnsins heldur einnig á heimasíðu þess og Sarpi.

- Innra starf:

Nú í upphafi árs 2019 hefur farið fram viðamikil vinna safnvarða við að greina og skrá stórt safn textíla sem komu úr búi Sigurðar Blöndal og Guðrúnar Sigurðardóttur. Jafnframt hefur endurskipulagning varðveislurýma í Safnahúsinu haldið áfram og gengið vel.

- Safnfræðsla

Mikið var um að vera í safnfræðslunni í aðdraganda jóla og á þorra. Í desember heimsóttu 150 leik- og grunnskólabörn safnið og fengu fræðslu um jólasveina, jólahald í gamla dag og sitthvað fleira. Á þorranum hefur einnig verið gestkvæmt á safninu auk þess sem safnstjóri heimsótti bæði leikskólann Hádegishöfða og Tjarnarskóg á bóndadaginn með fræðslu um þorrann. Um 200 nemendur hafa fengið fræðslu á vegum safnsins í janúar og febrúar.

Námsefni Minjasafnsins er á lokametrunum. Sendir hafa verið tölvupóstar til kennara í grunnskólum á Fljótshéraði þegar nýir námsefnispakkar hafa litið dagsins ljós og hafa viðbrögð þeirra verið góð.

Styrkir

Svör eru tekin að berast við umsóknum um verkefnastyrki fyrir árið 2019. Minjasafnið fékk tvo styrki úr Uppbyggingarsjóði, annars vegar 500.000 til áframhaldandi forvörslu og endurbóta á sumarhúsi Kjarvals í Kjarvalshvammi og hins vegar 500.000 til að standa fyrir málþingi og námskeiðum um gamlar handverkshefðir í samstarfi við Hússtjórnarskólann á Hallormsstað og Heimilisiðnaðarfélag Íslands.

Þá fékk safnið 100.000 kr. frá Fljótshéraði í fyrrnefnt málþing og námskeið og einnig 100.000 til að standa fyrir Galtastaðadegi.

- Framundan á næstunni

7. febrúar mun Rannveig Þórhallsdóttir fornleifafræðingur flytja fyrirlesturinn *Fjallkonan: Sér hún hátt og vítt um veg – hinsta hvíla konu frá 10. öld á Vestdalsheiði*, í safnahúsinu.

4. Önnur mál.

Engin önnur mál

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:50
Fundargerð ritaði Elsa Guðný

Stefnt að næsta fundi (aðalfundi) í lok apríl